

## Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um veggjöld.

1. *Eru uppi áform á vegum samgönguyfirvalda um að veggjöld verði tekin upp víðar en í Hvalfjarðargöngunum?*

Nei.

2. *Hefur ráðuneytið látið gera úttekt á kostum og göllum ólíkra leiða í veggjöldum, svo sem beinum tollum eða skuggagjöldum?*

Í tengslum við endurskoðun samgönguáætlunar verður lagt mat á þá kosti sem eru mögulegir.

3. *Hefur farið fram stefnumótun af hálfu samgönguyfirvalda þegar veggjöld eru annars vegar?*

Vísað er til samgönguáætlunar og frumvarps til vegalaga.

4. *Hafa einkaaðilar lýst yfir áhuga á þátttöku í einkaframkvæmd samgöngumannvirkja við ráðuneytið og ef svo er, hverjir hafa gert það og um hvaða framkvæmdir er þar að ræða?*

Hlutafélagið Greið leið hefur látið meta möguleika á einkaframkvæmd við gerð jarðganga í Vaðlaheiði og hlutafélagið Norðurvegur möguleikana á vegi um Kjalveg. Hafa þau áform og áætlanir verið kynntar fyrir ráðuneytinu.